

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás Ak Krossanesbraut/Ægisnes 1, Akureyri



Dags eftirlits	10.6.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Hringrás Ak	Fulltrúi UST	
Heimili	Ægisnes 1	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	4205891319	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn Ásgeirsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	540324,643 578806,94

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá síðasta eftirliti hafa ekki verið lagfærð skv. úrbótaáætlun og eru því staðfest aftur í þessu eftirliti. Varða þau aðskilnað efnisflokka og umgengni og skipulag á móttökusvæðinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit á starfstöð rekstraraðila að Ægisnesi 1, til að fylgja eftir útbótaáætlun sem samþykkt var af Umhverfisstofnun þann 10. apríl sl. og varðaði tvö frávik sem fram komu í eftirliti þann 13. október 2014.

Í þeirri áætlun kom fram að rekstraraðili ætlaði að vera búinn að setja upp aðskilnað fyrir efnisflokka á móttökusvæðinu fyrir 1. júní 2015, taka til á svæðinu og draga úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið fyrir 1. janúar 2015 ef veður leyfir, annars fyrir 1. júní 2015. Einnig átti rekstraraðili að tryggja að úrgangsmeðhöndlun valdi ekki óþrífnaði og að halda athafnasvæði sínu snyrtilegu.

Staðfest var í eftirliti að þessum úrbótum er ekki lokið.

Vinna er hafin við að steypa einingar sem nota á við aðskilnað efna á svæðinu og sjá mátti nokkrar þeirra í stafla við girðingu svæðisins. Rekstraraðili sagði að þeir hefðu lánað steypumótin og væru því ekki komnir lengra í þessari vinnu.

Lítill aðskilnaður er á milli efnisflokka og ekki auðvelt að átta sig á skipulagi svæðisins.

Svæðið er því nánast í sama ásigkomulagi og í síðasta eftirliti þó svo að magnið á svæðinu virðist vera eitthvað minna.

Frávik frá

Gr. 2.11 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Hreinn aðskilnaður er ekki fyrir hendi á úrgangshaugum á athafnasvæði rekstraraðila. Þetta frávik hefur verið staðfest í eftirliti nú í fjórða sinn.

Gr. 2.1. í starfsleyfi

Verulegur hluti athafnasvæðis rekstraraðila er þakinn úrgangshaugum, þrengsli mikil og óreiða. Skipulagi er áfátt, lítil stjórn virðist vera á því magni úrgangs sem er geymt á svæðinu, svæðið er ósnyrtilegt og aðgengismál eru í ólagi. Hætta á slæmum bruna er því nokkur og þar með skyndilegu, og verulegu umhverfisálagi.

ANNÆÐ

Frárennislækur úr olíuskilju var skoðaður. Var mjög ósnyrtilegt í kringum hann og ofan í honum og var rekstraraðila bent á að hreinsa svæðið þar sem líklegt þykir að það sem á því liggur sé fok af móttökustaðnum. Stálbitar lágu meðfram girðingu, fyrir utan lóðarmörk.

María Markúsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra var viðstödd eftirlitið.

Reykjavík, 10.06.2015

G. Stella Arnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.